

Útlit hennar sýndi bæði fátækt og fegurð, já, nærri því skraut. Veggirnir voru svartir af elli, og að eins, einn gluggi. Börðið og stólarnir voru óvandaðir, og legubekkurinn var ekki svo mikið sem málaður. En þar voru ýmsir munir, sem bentu á betri tíma og velmegun. Rúmið, sem veika konan lá í, var klætt hvítu tjaldi. Við vegginn hjá rúminu stóð snoturt skrifborð, og á því stóð borðspegill; glerið var að sönnu brotið, en spegillinn bar, með sér að hann hefði verið skrautgripur. Hvítur dúkur þakti skrifborðið. Við hliðarnar á speglinum stóðu tvær krystallsskálar, og í annari þeirra lá gullhringur með bláum gimsteinum, sem litu út eins og blómið Gley-mér-ei. Á veggnum, rétt hjá speglinum, var hilla; innanum trédíska, tinskeiðar og spengd leirilát, stóðu á hillunni tvenn bollapör úr Austur-Índía postulíni. Gólfíð var eins hvítt og það gat verið, og var stráð um það grenibarri. Tréstólarnir og borðið var hreint og þokkalegt. Í fáum orðum: stólan sýndi bæði fátækt og viðhöfn. Það var sorgleg, en án efa dýrmæt endurminning um ástarinnar, æskunnar og ánægjunnar hofinu daga, fyrir eíðandam.

"Nú, nú, mamma", sagði Móríts, eftir að hann hafði vermt sig í ein augnablik við eldinn, "nú skal ég sjóða súpu handa þér. Mér er orðið heitt og fötin mín eru nærri þur. Vertu nú óhrædd".

Vesalings pilturinn sagði ósatt til þess að hugga mömmu sína, því hann skalf enn af kulda.

"Guð blessi þig fyrir umhyggjusemi þína, góði drengurinn minn", sagði móðir hans kjókrandi, "en komdu nú og hjálpaðu mér, svo ég geti staðið upp og sezt við eldinn, það ætti að gera mér gott".

"Bara að það sé ekki hættulegt, mamma mín", sagði Móríts elablandinn. "Máskæ það sé betra að þú sért kyr".